



Alþýðusamband Íslands

Stjórnkerfi almennu lífeyrissjóðanna

Lífeyrissjóðir á samnings svið ASÍ og SA eru nú níu talsins og grundvallast starfsemi þeirra á kjarasamningi milli ASÍ og Vinnuveitendasambands Íslands (nú SA) sem fyrst var undirritaður árið 1969 og síðan endurskoðaður árið 1995. Samningurinn kveður á um stofnun og starfrækslu lífeyrissjóða á stéttarfélagsgrundvelli sem með skylduáðild félagsmanna tryggja öllum launamönnum lágmarks lífeyrisréttindi. Sjóðirnir starfa á félagslegum grunni samtryggingar sem þýðir að þeir veita öllum félagsmönnum sömu lífeyrisréttindi fyrir sama hlutfallslega iðgjald án tillits til t.d. heilsu, kynferðis eða áhættu í starf.

Stjórnkerfi lífeyrissjóðanna á almennum vinnumarkaði endurspeglar þá áherslu í kjarasamningnum um lífeyrismál að rekstur og gæsla sjóðanna sé á sameiginlegri ábyrgð atvinnurekenda og launafólks. Stjórnir sjóðanna eru ávallt skipaðar fulltrúum stéttarfélag og samtaka atvinnurekenda að jöfnu og fulltrúar þessara aðila skiptast á að hafa á hendi formennsku í stjórninni.

Fulltrúaráð

Í hverjum sjóði er sérstakt fulltrúaráð sem skipað er fulltrúum launamanna og atvinnurekenda að jöfnu. Stéttarfélögin sem aðild eiga að viðkomandi sjóði velja sína fulltrúa í ráðið og að jafnaði skipa Samtök atvinnulífsins fulltrúa atvinnurekenda úr hópi þeirra fyrirtækja sem greiða í viðkomandi sjóði. Mörg stéttarfélög eiga aðild að hverjum lífeyrissjóði, nema Lífeyrissjóði verzlunarmanna sem eingöngu VR á formlega aðild að. Félagin þurf þess vegna að koma sér saman um með hvaða hætti þau taka sameiginlegar ákvarðanir í málefnum er varða sjóðina. Fulltrúar stéttarfélaganna í fulltrúaráðinu mynda þann sameiginlega vettvang félaganna og fara með umboð launafólks á fundum lífeyrissjóðanna.

Fulltrúar launafólks í fulltrúaráðinu eru jafnframt þeir sem kjósa fulltrúa launafólks í stjórn lífeyrissjóðsins, ýmist á ársfundi sjóðsins eða í fulltrúaráðinu fyrir hann. Fyrirkomulagið á þeirri kosningu er misjafnt eftir sjóðum og misjafnt með hvaða hætti einstaka félög velja þá fulltrúa sem þau vilja bjóða fram í stjórnir sjóðanna.

Fjöldi og fyrirkomulag á vali fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóðanna er misjafnt eftir sjóðum og ákvarðast af samþykktum hvers sjóðs og þeim reglum sem stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um.

Ársfundur


Ársfundur hefur ávallt æðsta vald í málefnum hvers lífeyrissjóðs. Ársfundur lífeyrissjóðs skal haldin fyrir júnílok ár hvert og skal þar m.a. gera grein fyrir skýrslu um starfsemi liðins árs, ársreikningum sjóðsins og tryggingafræðilegri úttekt sem segir til um það hvernig sjóðurinn er í stakk búin til að standa við skuldbindingar sínar. Á ársfundinum skulu laun stjórnarmanna einnig ákveðin og fjallað um fjárfestingarstefnu sjóðsins. Allir sjóðfélagar, bæði þeir sem greiða iðgjöld til sjóðsins og þeir sem fá greiddan lífeyrir úr honum, eiga rétt til setu á ársfundi með málfrelsi og tillögurétt. Einungis fulltrúaráð lífeyrissjóðsins hefur hins vegar atkvæðisrétt á ársfundinum.

Stjórn

Stjórn lífeyrissjóðs ber ábyrgð á starfsemi hans og á að sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé í réttu og góðu horfi. Stjórnin tekur allar stefnumarkandi ákvarðanir og hefur eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna sjóðsins. Stjórn lífeyrissjóðsins ræður einnig framkvæmdastjóra og ákvarðar laun og starfskjör hans. Framkvæmdastjóri sér um daglegan rekstur sjóðsins.

Lífeyrissjóðir eru vörsluaðilar mikilla fjármuna í eigu almennings og þess vegna er mikilvægt að gerð sé rík krafa um hæfi þeirra einstaklinga sem fara með þessa ábyrgð. Í lögum um lífeyrissjóði og samþykktum sjóðanna sjálfra er að finna skilyrði um hæfi stjórnarmanna í lífeyrissjóðum sem snúa bæði að trúverðugleika þeirra og faglegri þekkingu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Einnig er sérstaklega fjallað um hæfi stjórnarmanna í kjarasamningi ASÍ og SA um lífeyrismál. Fjármálaeftirlitið, sem hefur það hlutverk að hafa eftirlit með starfsemi sjóðanna, fylgir þessum skilyrðum eftir með því að gera sérstakt hæfnismat þegar nýir stjórnarmenn taka sæti í lífeyrissjóðum.

Yfirlit yfir stjórnkerfi almennu lífeyrissjóðanna



Yfirlit yfir aðildarfélög og stjórnkerfi lífeyrissjóða á samnings sviði ASÍ og SA

Lífeyrissjóður verzlunarmanna – Reykjavík

Aðildarfélög launafólks:

VR

Fjöldi í stjórn: 8

Kjörtímabil: Þrjú ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: Ekki tilgreint í samþykktum.

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Tilnefndir af stjórn VR.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Tilnefndir af FÍS, Kaupmannasamtökum Íslands, Samtökum iðnaðarins og Samtökum atvinnulífsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og VR hafa á hendi formennsku í stjórn til skiptis þrjú ár í senn.

Fulltrúaráð: Nei

Gildi lífeyrissjóður - Reykjavík

Aðildarfélag launafólks:

Bifreiðastjórafélagið Sleipnir*
Efling- stéttarfélag
Farmanna- og fiskimannasamband Íslands*
Félag hársnyrtisveina
Sjómannafélag Íslands*
Sjómannasamband Íslands
Verkalýðsfélagið Hlíf
VM- Félag vélstjóra og málmtæknumanna
*Félag utan ASÍ

Fjöldi í stjórn: 8

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: 8 ár

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins. Fyrir ársfund sjóðsins skulu stéttarfélag sem að sjóðnum standa, skipa fjöggra manna kjörnefnd sem gerir tillögu til fulltrúa stéttarféлага í fulltrúaráði um kosningu stjórnarmanna.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kjörnir af stjórn Samtaka atvinnulífsins.

Formenska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formensku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stéttarfélag sem að sjóðnum standa tilnefna alls 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði í samræmi við vægi iðgjaldagreiðslna félagsmanna til sjóðsins. Samtök vinnuveitenda tilnefna allt að 80 fulltrúa til setu í fulltrúaráði.

Sameinaði lífeyrissjóðurinn - Reykjavík

Aðildarfélag launafólks:

AFL, Starfsgreinafélag, málmíðnaðardeild
Fagfélagið
Félag bókagerðamanna
Félag iðn- og tæknigreina
Félag málmíðnaðarmanna Akureyri
Félag skipstjórnarmanna*
Iðnsveinafélag Skagafjarðar, Sauðárkróki
Stéttarfélag Vesturlands, iðnaðarmannadeild
Veggfóðrarafélag Reykjavíkur*
Verkstjórasamband Íslands*
VM- Félag vélstjóra og málmtæknumanna
Þingið
*Félag utan ASÍ

Fjöldi í stjórn: 6

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: Ekki tilgreint í samþykktum

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks á aðalfundi fulltrúaráðs sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar stéttarféлага í fulltrúaráðinu eru valdir þannig að hvert félag, sem aðild á að sjóðnum, kys einn fulltrúa fyrir allt að 200 virka félagsmenn, sem jafnframt eru virkir í sjóðnum og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn eða brot úr þeirri tölu. Samtök vinnuveitenda sem að sjóðnum standa tilnefna jafn marga fulltrúa úr sínum röðum og viðkomandi stéttarfélög.

Festa lífeyrissjóður - Reykjanesbæ

Aðildarfélög launafólks:

Báran, stéttarfélag

Efling, stéttarfélag

Félag iðn- og tæknigreina

Stéttarfélag Vesturlands

Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis

Verkalýðsfélag Akranes

Verkalýðsfélag Grindavíkur

Verkalýðsfélag Snæfellinga

Verkalýðsfélag Suðurlands

Verkalýs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrenis

Verslunarmannafélag Suðurnesja

Fjöldi í stjórn: 6

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: 8 ár

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kosnir af stjórn Samtaka atvinnulífsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Stéttarfélög sem að sjóðnum standa tilnefna alls 60 fulltrúa til setu í fulltrúaráðið og fer fjöldi hvers félags eftir vægi iðgjaldagreiðslna félagsmanna til sjóðsins. Samtök atvinnulífsins tilnefna 60 fulltrúa atvinnurekenda í fulltrúaráðið.

Stafir lífeyrissjóður - Reykjavík

Aðildarfélög launafólks:

MATVÍS - Matvæla- og veitingafélag Íslands

Rafiðnaðarsamband Íslands

Fjöldi í stjórn: 6

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarkstími sem aðalmaður í stjórn: 8 ár

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Tilnefndir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins. Einn fulltrúi skal tilnefndur að höfðu samráði við Samtök atvinnurekenda í raf- og tölvuiðnað, einn að höfðu samráði við Samtök ferðaþjónustunnar og einn skal koma úr röðum aðildarfyrirtækja sjóðsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum sjóðfélaga og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar sjóðfélag eru samtals 39 og skiptast á þá hópa sem eiga aðild að sjóðnum eftir hlutfalli iðgjalda til sjóðsins þ.e. þeir sem greiða til sjóðsins á grundvelli fyrirtækjaaðildar, á grundvelli kjarasamninga Rafiðnaðarsambands Íslands og á grundvelli kjarasamninga Matvæla- og veitingasambandsins. Hver hópur um sig ákveður hvernig fulltrúaval fer fram innan sinna raða. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðinu eru kosnir eftir reglum Samtaka atvinnulífsins.

Stapi lífeyrissjóður - Akureyri

Aðildarfélög launafólks:

AFL, Starfsgreinafélag

Aldan, stéttarfélag

Eining-löjja

Fagfélagið

Félag verslunar- og skrifstofufólks Akureyri

Framsýn, stéttarfélag

Iðnsveinafélag Skagafjarðar

Stéttarfélagið Samstaða

Verkalýðsfélag Hrútfirðinga

Verkalýðsfélag Þórshafnar

Verslunarmannafélag Skagfirðinga

Þingið, félag iðnaðarmanna í Þingeyjarsýslu

*Félag utan ASÍ

Fjöldi í stjórn: 6

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: Ekki tilgreint í samþykktum

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Valdir skv. ákvörðun Samtaka atvinnulífsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarfélaga hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum launamanna og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar launamanna eru valdir þannig að hvert stéttarfélag sem á aðild að sjóðunum kýs úr sínum hópi 1 fulltrúa fyrir allt að 200 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 200 félagsmenn umfram það, eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðinu eru valdir þannig að 50 stærstu atvinnufyrirtæki m.t.t. iðgjaldagreiðslna tilnefna einn fulltrúa hvert og Samtök atvinnulífsins tilnefna þá fulltrúa sem upp á vantar til að jafna tölu atvinnurekenda og launamann í fulltrúaráðinu. .

Lífeyrissjóður Vestfirðinga - Ísafirði

Aðildarfélög launafólks:

Félag járneðnaðarmanna á Ísafirði

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Bylgjan*

Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Vélstjórafélag Ísafjarðar*
*Félag utan ASÍ

Fjöldi í stjórn: 4

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: 8 ár

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kosnir af stjórn Samtaka atvinnulífsins

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar launamanna eru valdir þannig að hvert stéttarfélag sem á aðild að sjóðnum kys úr sínum hópi 2 fulltrúa fyrir allt að 100 félagsmenn og síðan einn fulltrúa fyrir hverja 50 félagsmenn umfram það, eða brot úr þeirri tölu. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðinu eru kosnir eftir reglum Samtaka atvinnulífsins.

Lífeyrissjóður Vestmannaeyja

Aðildarfélag launafólks:

Drífandi stéttarfélag

Sjómannafélagið Jötun

Skipstjóra- og stýrimannafélagið Verðandi*

Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum

Verkstjórafélag Vestmannaeyja*

Vörubílstjórafélagið Ekill*

*Félag utan ASÍ

Fjöldi í stjórn: 6

Kjörtímabil: 3 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: Ekki tilgreint í samþykktum

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Kosnir eftir þeim reglum sem stéttarfélag sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins, þar af einn tilnefndur af Útvegsbændafélagi Vestmannaeyja.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar launamanna eru valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélag sem aðild eiga að sjóðnum koma sér saman um. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðinu eru kosnir eftir reglum Samtaka atvinnulífsins.

Lífeyrissjóður Rangæinga

Aðildarfélag launafólks:

Verkalýðsfélag Suðurlands

Félag iðn- og tæknigreina

Fjöldi í stjórn: 4

Kjörtímabil: 2 ár

Hámarks tími sem aðalmaður í stjórn: Ekki tilgreint í samþykktum

Val á fulltrúum launamanna í stjórn: Valdir af fulltrúum launafólks í fulltrúaráði á ársfundi sjóðsins.

Val á fulltrúum atvinnurekenda í stjórn: Kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins.

Formennska í stjórn: Fulltrúar atvinnurekenda og stéttarféлага hafa á hendi formennsku til skiptis eitt ár í senn.

Fulltrúaráð: Skipað fulltrúum stéttarféлага og samtaka atvinnurekenda að jöfnu. Fulltrúar launamanna í fulltrúaráðið eru valdir eftir þeim reglum sem stéttarfélög sem aðild eiga að sjóðnum komu sér saman um 2. febrúar 1990: Verkalýðsfélag Suðurlands velur 6 fulltrúa og félag Iðn- og tæknigreina velur 3 fulltrúa í fulltrúaráðið. Fulltrúar atvinnurekenda í fulltrúaráðinu eru kosnir af framkvæmdastjórn Samtaka atvinnulífsins.